

8. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2020

Fundur haldinn í „Rooms“ á „Facebook“ mánudaginn 19. október 2020, kl. 17:00.

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Hjalti Karlsson, Hlynur Reynisson, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Sólrún Geirsdóttir.

1. - Yfirlýsing körfuknattleiksdeildar að segja sig úr HSV.

Aðalástæðan er erfiðleikar við að finna þjálfara fyrir yngstu krakkana. Í umræðunum kom fram að umræddur hópur væri stór og erfitt að halda uppi aga. Það sama hlýtur að eiga við um allar íþróttagreinarnar – það þarf gott utanumhald og reynda þjálfara með bein í nefinu til að takast á við hegðunarvandamál og þess háttar. Best væri auðvitað að deildirnar væru með menntaða yfirþjálfara á launum sem gætu stýrt æfingunum.

Það er ekki skýrt hvort karfan er að segja sig úr þessu samstarfi um íþróttaskólann til frambúðar eða aðeins tímabundið. Fulltrúar körfuboltans og HSV munu funda um málið fljótlega og reyna að ná lendingu í því.

Gagnrýnt var að körfuknattleiksdeildin skuli hafa sent þetta erindi beint inn til HSV en ekki farið í gegnum aðalstjórnina. Það þarf að hnykkja á því að deildir noti réttar boðleiðir.

Nauðsynlegt er að boða til formannafundar fljótlega, þar sem helst öll stjórnin mætir, og ræða um íþróttaskólann og fleiri mál.

Spurt var um úttekt háskólanema á íþróttaskólanum. Niðurstöður hennar má lesa hér:

<https://skemman.is/bitstream/1946/36306/1/I%cc%81%c3%bero%cc%81ttasko%cc%81liHSV-Arna-%c3%9eo%cc%81rdi%cc%81s-Lokaskil-Skemman.pdf>

2. - Framkvæmdir í vallahúsi á Torfnesi.

Yfirstandandi verkefnasamningi á að ljúka í nú nóvember. Rætt um stöðu framkvæmda. Það er búið að klára rafmagnið að öðru leyti en því að kaupa og setja upp ljósin. Þarf líka að laga glugga í hurð. Næsti verkþáttur er svo að fara í gegnum vegginn og útbúa eldhús og salernisaðstöðu. Það verður mikil og dýr framkvæmd.

3. – Knattspyrnuhús. Til stóð að reka niður staura í október en það tefst þar sem í ljós kom að tilboðið uppfyllir ekki skilyrði sem sett voru um útlit hússins (í samræmi við Torfnisbyggingarnar, þ.e. með breiðum þakkanti). Málið snýst um hvort þetta sé meiri- eða minniháttar skipulagsbreyting og verða einhverjar tafir vegna þessa, amk. verður ekki hægt að reka niður staurana eins og fyrirhugað var.

4. – Fjármál félagsins.

Rætt um styrkinn sem fékkst til að þýða siðareglur félagsins og fleira efni. Gjaldkerinn upplýsti að 322 hefðu greitt félagsgjöld og að getraunir væru farnar af stað aftur. Bókhaldskostnaður hefur aftur á móti hækkað töluvert.

5. – Önnur mál.

Lítillega var rætt um það sem gekk á í kringum knattspyrnuvöllinn í sumar. Ljóst er að það þarf að vinna að þessu máli áður en fjárhagsáætlunarvinnu lýkur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:08.

Fundargerð: Sólrún Geirsdóttir, ritari.